



Fr. Jóna Sólveig Elínardóttir,
Formaður utanríkismálanefndar
Alþingi
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 30. mars 2017

Tilvísun: BRU15120002/87.A.001; 87.I.001
SHJ/heh

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu á þskj. 133 – 76. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. mars 2017, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, þingskjal 133-76. mál. Þetta mál hefur áður verið til umræðu á Alþingi. Utanríkisráðuneytið telur eðlilegt að neytendur séu almennt upplýstir um uppruna vara og það á einnig við um vörur sem framleiddar eru á hernumdum svæðum Palestínu og því þurfi að merkja þær með viðeigandi hætti.

Landtökubýggðir Ísraels á hernumdum svæðum Palestínu brjóta í bága við alþjóðalög og alþjóðleg mannréttindalög. Þar við bætist að landtökubýggðirnar eru á svæðum sem ekki er viðurkennt alþjóðlega að tilheyri Ísrael, og raunar hefur Alþingi Íslendinga með ákvörðun frá 2011 viðurkennt sjálfstæði og fullveldi Palestínu á því landsvæði. Þannig tekur t.a.m. fríverslunarsamningur EFTA-ríkja við Ísrael einungis til landsvæðis innan viðurkenndra landamæra Ísraels, ekki landtökubýggðanna. Því má telja óeðlilegt að varningur framleiddur í landtökubýggðum á hernumdu svæðunum sé merktur sem framleiðsla frá Ísrael. Sérmerking varnings frá landtökubýggðum væri af þessum sökum þáttur eðlilegt skref og í samræmi við góða neytendahætti.

Þegar sambærileg þingsályktunartillaga var flutt á Alþingi í fyrsta sinn, á 141. löggjafarþingi, 2012-2013, hafði utanríkisráðuneytið lagt í talsverða vinnu til að kanna til hvaða ráðstafana megi grípa hvað áhrærir merkingar á vörum sem fluttar eru inn frá Ísrael. Athugun þessi leiddi m.a. í ljós að nokkuð flókið er að greina hvaða varningur, sem hingað kemur merktur sem framleiddur í Ísrael, kann að vera upprunninn í landtökubýggðum.


Eins og fram kemur í texta tillögunnar sendi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá sér leiðbeinandi álit 11. nóvember 2015 og hafa nokkur lönd unnið að reglugerðum þess efnis að upprunamerking þessara vara verði umræddar landnemabýggðir en ekki Ísrael. Rétt er hins vegar að hafa í huga að ekki er samstaða um þetta álit meðal aðildarríkja Evrópusambandsins og að það er ekki formlega bindandi fyrir Ísland.

Hvað varðar seinni lið ályktunartextans, að reynt sé að gera Palestínumönnum kleift

að nýta sér kosti bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Frelsisamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu, er frá því að segja að Palestína hefur um árabíl verið stærsti styrkþegi úr samstarfssjóði EFTA ríkjanna. Um er að ræða sjóð sem nýttur er til að aðstoða ríki sem eru komin styttra á þróunarbrautinni, til að aðstoða þau við að framkvæma og nýta fríverslunarsamninga og stuðla að aukinni hagsæld með auknum viðskiptum. Slíka aðstoð er bæði hægt að veita til ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við og til hugsanlegra framtíðarviðsemjenda EFTA ríkjanna. Verkefni sjóðsins snúa einkum að því að aðstoða ríkin við að auka færni og byggja upp þekkingu á málefnum sem tengjast viðskiptum, eins og t.d. hvað varðar tollamál, upprunareglur, tæknilega staðla, viðskiptaliprun, aðgerðir til að auka útflutning, hugverkaréttindi og heilbrigðisreglur. Samstarfsríkin leggja sjálf fram hugmyndir að verkefnum og sækja um styrk úr sjóðnum.

Vegna fjölda styrkumsókna frá Palestínu lét EFTA gera sérstaka úttekt með liðsinni World Trade Institute Advisors í Genf árið 2012 þar sem farið var yfir hvernig væri best að aðstoða Palestínumenn og var í kjölfarið ráðist í mörg verkefni á ólíkum sviðum. Kostnaður þessara verkefna nam alls 200.000 CHF og lauk síðasta verkefninu, sem var á sviði hugverkaréttar, síðasta haust. Auk þessa sérstaka átaks hefur EFTA á síðustu árum einnig greitt fyrir ferðar- og dvalarkostnað Palestínumanna vegna funda í sameiginlegu nefnd samningsins, gert úttekt á sviði hagtölugerðar, veitt opinberum starfsmanni frá Palestínu skólstyrk og gert útflytjendum frá Palestínu kleift að kynna vörur sínar á vörusýningum í Evrópu.

Heildarútflutningur á vörum frá Palestínu (skv. Observatory of Economic Complexity, OEC) árið 2015 nam 985 milljónum Bandaríkjadala og heildarinnflutningur 4.830 milljónum Bandaríkjadala. Sé einungis tekið mið af hlutfalli viðskipta EFTA-ríkjanna á heimsvísu (um 1,5%), hefði útflutningur EFTA-ríkjanna til Palestínu árið 2015 átt að vera um 60-70 milljónir og innflutningur um 10-15 milljónir Bandaríkjadala. En til að leggja mat á það hvort viðskipti EFTA-ríkjanna við Palestínu séu fjarri því sem eðlilegt gæti talist, þarf einnig að taka mið af öðrum þáttum, svo sem landfræðilegri nálægð, sögulegum tengslum og eftirspurn eftir vörum (og þjónustu).



E.F.